

Fimmtudagurinn 13. nóvember 1997 kl. 15:30

101. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 41/1997

Tilboð Pósts og síma hf. á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Um miðjan októbermánuð sl. var kynnt tímabundið tilboð Pósts og síma til félaga í FÍB á GSM- og NMT-farsímum og farsímaþjónustu. Samkvæmt kynningarefni felur tilboðið í sér farsíma, en um er að velja fjóra mismunandi síma, ásamt símanúmeri, tengingu og ársfjórðungsgjaldi í tvö ár í viðkomandi farsímakerfi. Greitt er fyrir það sem í boði er með fastri mánaðargreiðslu í 24 mánuði. Í kynningarefni segir ennfremur að tilboðið feli í sér heildarafslátt sem nemi 27% – 54% miðað við almennt heildarverðmæti þess sem fólgið sé í tilboðinu. Þá kemur einnig fram að farsímarnir séu eign Pósts og síma þar til þeir verði að fullu greiddir eftir 24 mánuði og ekki verði heimilt, samkvæmt kaupsamningi, að nota farsímana sem seldir verði eftir tilboðinu með korti úr öðru farsímaneti en því sem Póstur og sími rekur.

2.

Keppinautar Pósts og síma í sölu farsíma höfðu óformlega samband við Samkeppnisstofnun og kvörtuðu yfir framangreindu tilboði. Töldu þeir að í tilboðinu fælist undirverðlagning sem þeim væri ómögulegt að svara. Vísuðu þeir ekki síst til samtvinnunar sölu á sínum og þjónustu.

3.

Þann 21. október sl. ritaði Samkeppnisstofnun, að eigin frumkvæði, bréf til Pósts og síma í tilefni tilboðs fyrirtækisins til félaga í FÍB. Í bréfinu er vikið að efnisatriðum hinna óformlegu athugasemda sem að framan eru nefndar og kynnt að Samkeppnisstofnun kanni hvort í tilboðinu „...*kunni að felast athöfn*

sem fari gegn markmiði og einstökum greinum samkeppnislaga.“ Þá er í bréfinu beðið um tiltekin gögn sem lýsa því verði og þeim viðskiptakjörum sem í boði eru samkvæmt tilboðinu og sundurliðun kostnaðar þeirra vöru- og þjónustutegunda sem í tilboðinu felast. Einnig er farið fram á skýringu á því að Póstur og sími sem eitt fyrirtækja hafi haft heimild til fjarskiptaþjónustu, þar með talda GSM- og NMT- þjónustu, bjóði tilteknum hópi viðskiptavina viðskiptakjör eins og þau sem hér um ræðir. Auk þess segir í bréfinu m.a. eftirfarandi: „Samkeppnisstofnun athugar framangreint tilboð Pósts og síma til félaga í FÍB með hliðsjón af því hvort það kunni að skaða samkeppnina á viðkomandi markaði. Er þá einkum vísað til þess að fyrirtækið viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á markaðnum og þess að keppinautar kunni að útilokast frá markaðnum samanber 17. gr. samkeppnislaga.

Komist samkeppnisyfirvöld að þeirri niðurstöðu að tilboð Pósts og síma sem hér er til umfjöllunar fari gegn samkeppnislögum getur komið til álita að banna tilboðið, eða heimila það gegn ákveðnum skilyrðum s.s. að aðrir seljendur GSM- eða NMT- síma fái að ganga inn í tilboðið og/eða það verði einnig látið gilda fyrir aðra kaupendahópa.“

Þann 29. október sendi Samkeppnisstofnun annað bréf til Pósts og síma með ósk um frekari upplýsingar en um hafði verið beðið í fyrra bréfi stofnunarinnar. Var einkum óskað upplýsinga um stærð GSM- og NMT- símamarkaðarins og sölu Pósts og síma yfir 13 mánaða tímabil.

4.

Samkeppnisstofnun bárust þau gögn og upplýsingar sem um hafði verið beðið með bréfi Pósts og síma 31. október sl. Í bréfinu er upplýst að FÍB hafi átt frumkvæði að því að Farsímadeild Pósts og síma gengi til samninga um „*pakkatilboð*“ til félagsmanna. Sagt er að um sé að ræða fjórar mismunandi tegundir af farsímum í tilboðinu ásamt stofngjaldi að öðru hvoru kerfinu, þ.e. GSM- eða NMT- kerfinu, og skuldbindandi fast afnotagjald í 24 mánuði. Fram kemur að Farsímadeild hafi annast allan undirbúning af hálfu Pósts og síma og sé á samningstímanum eigandi þess búnaðar sem seldur verður og annist ábyrgðarviðgerðir með venjulegum kjörum. Hins vegar segir að FÍB annist markaðssetningu, kynningar og auglýsingar. Á öðrum stað í bréfinu segir að samkvæmt tilboðinu greiði viðskiptavinurinn viðeigandi stofngjald við úthlutun en fast afnotafjald sé innifalið í mánaðarlegri afborgun af samningnum.

Varðandi það verð sem tilboðið feli í sér segir að Farsímadeildin hafi náð samkomulagi við Notendabúnaðardeild fyrirtækisins um magninnkaup á símtækjum, en um sé að ræða að lágmarki 1.000 tæki. Vísað er til ljósrita af gögnum sem sýna innkaupsverð Notendabúnaðardeildar annars vegar og millifærslureikning þegar Farsímadeild kaupir búnaðinn af Notendabúnaðardeild en viðskipti milli deildanna séu gerð upp með færslum á bankareikninga. Þá segir að við sölu á svo mörgum símum sem raun beri vitni sé unnt fyrir Notendabúnaðardeild að lækka álagningu sína, þar sem kostnaður við birgðahald, auglýsingar og aðra markaðssetningu sé í lágmarki. Farsímadeildin innheimti af viðskiptavinum stofngjald og fast afnotagjald en taki á sig kostnað sem stafi af afborgunarskilmálum í formi vaxtafórnar.

Í svari Pósts og síma við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar um hvers vegna félagsmönnum FÍB bjóðist viðskiptakjör sem öðrum bjóðist ekki er sagt að fyrirtækið telji ekki óeðlilegt að taka upp samvinnu við samtök sem gæti hagsmuna félagsmanna varðandi öryggi þeirra á ferðalögum um landið. Er bent á að nokkur umræða hafi verið um það öryggi sem skapast hafi með tilkomu farsímakerfanna, ekki síst á vegum landsins í byggð og óbyggðum. Telur fyrirtækið það mikilvægt að félagar í FÍB séu dreifðir um allt land og að í félaginu séu 18.000 meðlimir.

Í svarbréfi Pósts og síma segir að með tilboðinu til FÍB félaga fari fyrirtækið inn á nýja braut í sölu á farsímaþjónustu og búnaði en slík söluaðferð hafi tíðkast í nálægum löndum undanfarið. Talið hafi verið eðlilegt að kanna viðbrögð markaðarins „...með afmörkuðum markhópi og voru félagsmenn FÍB taldir vel til þess fallnir að mati Pósts og síma. Takist þessi tilraun vel er ekkert því til fyrirstöðu að kanna möguleika á sambærilegu tilboði til annarra aðila sem á því kunna að hafa áhuga.“

Loks segir í bréfi Pósts og síma að ekkert sé því til fyrirstöðu að mynda „tilboðspakka“ með öðrum seljendum farsíma að uppfylltum efnislegum forsendum ef samkomulag næðist þar um.

Með bréfi Pósts og síma fylgja eins og áður segir gögn og útreikningar sem fyrirtækið óskar eftir að farið verði með sem trúnaðarmál.

II. Niðurstöður

1.

Tilboð Pósts og síma er tekið til athugunar með vísan til þess hvort fyrirtækið kunni með tilboðinu að skaða samkeppnina á markaðnum fyrir sölu á farsímum og/eða markaðnum fyrir farsímaþjónustu. Horft er til ákvæða 17. gr. samkeppnislaga, samanber 1. gr., í þessu sambandi. Er þetta gert í ljósi þeirrar stöðu sem fyrirtækið hefur sem eini seljandi farsímaþjónustu á Íslandi, og þar af leiðandi eina fyrirtækið sem rekur GSM- og NMT- kerfi, og einn stærsti einstaki seljandi farsíma á landinu. Ennfremur ber að hafa í huga fjárhagslegan styrk fyrirtækisins sem er eitt af stærstu og fjársterkustu fyrirtækjum landsins. Heildarvelta fyrirtækisins var rúmir 13 milljarðar króna á árinu 1996 og hagnaður þar af rúmir tveir milljarðar. Eigið fé var í lok ársins 1996 tæpir 10 milljarðar króna.

2.

Mál það sem hér er til umfjöllunar tekur til tveggja vöru- eða þjónustumarkaða. Annars vegar er um að ræða markaðinn fyrir farsímaþjónustu sem er rekstur farsímakerfa og hins vegar markaðinn fyrir sölu farsíma. Báðum mörkuðunum má að nokkru skipta upp í tvo undirmarkaði, þ.e. markaði sem annars vegar ná til sölu GSM- og NMT- símtækja og hins vegar GSM- og NMT-farsímaþjónustu. Þegar aðeins er litið á tilboð Pósts og síma til félaga í FÍB má ef til vill skilgreina þann markað sem við á þrengra en að framan segir, þ.e. markaðinn fyrir sölu farsíma og farsímaþjónustu til félagsmanna FÍB.

Starfrækt eru tvö farsímakerfi hér á landi, NMT- kerfi sem nær til landsins alls og GSM- kerfi sem nær til flestra þéttbýlisstaða. Mismunandi símtæki, NMT-síma annars vegar og GSM- síma hins vegar, þarf fyrir not í hvoru kerfinu um sig. Póstur og sími er eina fyrirtækið sem hefur byggt upp og starfrækt farsímakerfi á landinu. Póstur og sími er reyndar eina fyrirtækið sem til skamms tíma hefur haft leyfi til að reka fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Einu öðru fyrirtæki var á miðju þessu ári úthlutað leyfi til að setja upp og reka farsímakerfi héraðs og er þess vænst að það hefji rekstur á suðvestur hluta landsins snemma á næsta ári. Póstur og sími er samkvæmt framansögðu með 100% markaðshlutdeild eða einokun í rekstri farsímakerfa á íslenska markaðnum sem stendur.

Ekki er jafn auðvelt að skilgreina stærð markaðarins fyrir farsíma eða hlut einstakra fyrirtækja á markaðnum í sölu símtækja og að skilgreina markaðinn fyrir farsímaþjónustu. Fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um fjölda notenda í farsímakerfum Pósts og síma og þar með íslenska farsímakerfinu í heild. Notendur eru þar metnir jafn margir og fjöldi seldra símakorta. Hins vegar eru ekki til upplýsingar um heildarfjölda farsíma í landinu þar eð ekki þarf að vera einn farsími að baki hverju seldu korti. Fjöldi farsímakorta er þó talinn gefa sterka vísbendingu um fjölda síma. Undir lok október voru tæplega 37.000 GSM- notendur og rúmlega 24.000 NMT- notendur á landinu. Á tímabilinu október 1996 til 29. október 1997 voru seld u.þ.b. 17.600 GSM- símakort hjá Pósti og síma og 2.100 NMT- símakort. Er þannig ljóst að mjög ör fjölgun hefur verið á notendum í GSM- kerfinu á síðustu misserum á meðan vöxtur í notkun NMT- kerfisins hefur verið hægari.

Samkeppnisstofnun hefur fengið gögn um sölu Pósts og síma á farsímum. Samkvæmt þeim seldi fyrirtækið GSM- símtæki sem nemur u.þ.b. 14% af seldum símakortum á einu ári, þ.e. frá og með október 1996 til og með september 1997. Hafa verður í huga að mikið af þeim GSM- símum sem notaðir eru hér á landi hafa notendur keypt erlendis, þ.m.t. í fríhöfninni í Leifsstöð. Að mati forstöðumanns Notendabúnaðardeildar Pósts og síma er ekki nema u.þ.b. helmingur GSM- síma sem hér eru í notkun seldur hér á landi. Að hans áliti selur deildin sem hann veitir forstöðu um þriðjung þeirra síma sem seldir eru í landinu. Á fyrrnefndu 12 mánaða tímabili seldi Póstur og sími NMT- farsímataeki sem nemur 76% af sölu NMT- símakorta á sama tímabili. Af því má álykta að langmestur hluti NMT- símtækja sem tekin voru í notkun hérlendis á þeim tíma hafi verið seld af Pósti og síma. Augljóst virðist að GSM- símtækjamarkaðurinn á Íslandi er stærri en sala íslenskra seljenda segir til um. Ríkir því nokkur óvissa um það hve stór hlutur Pósts og síma er í sölu GSM- síma á Íslandi þegar litið er á hlut fyrirtækisins út frá kaupum íslenskra notenda á símtækjum. Þar sem hins vegar tilboði Pósts og síma um samtvinnuð kaup á farsímtækjum og farsímaþjónustu er beint að tilteknum markhópi, þ.e. félögum í FÍB, má líta á þann hóp sem sérstakan kaupendamarkað. Varan sem fyrirtækið er að bjóða þessum sérstaka markaði er það sem í tilboðinu felst. Þegar markaðsleg staða Pósts og síma í því máli sem hér er til umfjöllunar er metin þarf því að líta á efni og form tilboðsins á farsímum til félaga í FÍB og hverjir aðrir en Póstur og sími hafa tók á að bjóða staðgönguvöru á þeim markaði. Þar sem enginn annar en Póstur og sími rekur farsímaþjónustu hér á

landi er ljóst að enginn getur gert FÍB eða öðrum tilboð sem felur í sér slíka þjónustu annar en Póstur og sími.

3.

Samkvæmt upplýsingum Pósts og síma gerði Farsímadeild fyrirtækisins samning við FÍB um s.k. pakkatilboð á farsímum og farsímaþjónustu. Boðnar eru til kaups fjórar mismunandi tegundir af símum. Með í kaupunum er fast afnotagjald símanna í tvö ár. Verðið á símunum og afnotagjaldið verður greitt með jöfnum mánaðarlegum greiðslum í 24 mánuði. Kostnað vegna afborgana, þ.e. vexti og innheimtukostnað eins og að jafnaði er innheimtur þegar greitt er með raðgreiðslum, þurfa kaupendur ekki að greiða. Verðið á tilboðinu metur Póstur og sími svo að það feli í sér 27% til 54% afslátt frá almennu verði á símtækjum og þjónustu. Áður en Farsímadeild Pósts og síma gekk til samninga við FÍB gerði deildin samning við Notendabúnaðardeild Pósts og síma um kaup á að minnsta kosti 1.000 farsímum. Ekki var reynt að leita samninga við aðra seljendur farsíma. Ekki er sjáanlegt að Notendabúnaðardeild hafi álagningu af viðskiptunum við Farsímadeildina enda mun kostnaður hennar af þeim vera óverulegur.

Beinar tekjur Farsímadeildar af tilboðinu til FÍB félaga eru mánaðarlegar afborganir kaupenda. Þegar metinn er kostnaður Farsímadeildar Pósts og síma af tilboðinu verður að mati samkeppnisráðs að taka tillit til útlagðs kostnaðar deildarinnar, sem er innkaupsverð hennar á símtækjunum frá Notendabúnaðardeild, föst afnotagjöld í 24 mánuði sem Farsímadeild verður af (en þau hafa verið tekin inn í tekjurnar fyrir „tilboðspakkann“) og afborgunarkostnaðar miðað við útlagðan kostnað deildarinnar. Í þessu samhengi er horft á þann kostnað sem keppinautar Farsímadeildar yrðu að greiða ef þeir ætluðu að gera FÍB sams konar tilboð og Farsímadeildin hefur gert félaginu. Mismunur á tekjum og gjöldum deildarinnar af sölu þeirra síma sem tilboðið tekur til nemur þá tapi að upphæð frá um 3.400 kr. á hvern seldan síma upp í tap sem nemur um 8.250 á hvern seldan síma. Tapið á hvern seldan síma fer eftir tegund tækis og er mest í krónum talið á þeim tækjum sem mest hafa selst samkvæmt upplýsingum frá Pósti og síma. Hlutfallslega er tapið af sölu hvers síma frá um 12% af því verði sem Farsímadeildin greiðir fyrir símana til tæplega 18% af innkaupsverðinu, eftir tegundum símtækja. Afborgunar kostnaður hefur þá verið reiknaður á sama hátt og Póstur og sími gerir með þeirri undantekningu að miðað er við innkaupsverð Farsímadeildar á símtækjum. Má ætla að halli af sölu síma samkvæmt tilboðinu hafi verið um fjórar milljónir króna á þeim hálfmánaðar tíma sem upplýsingar ná til sem

aflað hefur verið og hallinn verði um átta milljónir króna á öllum tilboðstímanum sem ætlað er að nái út nóvember, ef þau tæki seljast sem Farsímadeildin hefur keypt af notendabúnaðardeildinni. Munnlega hefur verið upplýst að fyrirtækið horfi til þeirra tekna sem fást af afnotagjöldum sem myndast við símanotkun, þegar hagur Pósts og síma af tilboðinu er metinn.

4.

Í samkeppnislögum er með ýmsum hætti fjallað um þann skaða sem hegðun markaðsráðandi fyrirtækja getur haft á samkeppni á viðkomandi mörkuðum og í mörgum ákvörðunum samkeppnisráðs hefur með íhlutun verið reynt að stöðva slíka hegðun. Skaðleg áhrif hegðunar markaðsráðandi fyrirtækis geta verið þau að fyrirtækið viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á markaðnum. Þau geta leitt til óhagkvæmrar nýtingar framleiðsluþáttanna, t.d. vegna þess að valkostir neytenda verða færri og keppinautar útilokast frá markaðnum.

Á sama hátt og hin skaðlegu áhrif á samkeppni koma fram með mismunandi hætti þá getur margs konar hegðun markaðsráðandi fyrirtækis verið skaðleg. Samtvinnun viðskipta (á ensku nefnt „*tying*“ eða „*tie-in*“) er dæmi um hegðun sem kann að vera skaðleg samkeppninni þegar markaðsráðandi fyrirtæki á í hlut. Þá er um það að ræða að kaup á tiltekinni vöru geta ekki átt sér stað nema eitthvað annað sé selt með sem að öllu jöfnu tengist ekki sölu á viðkomandi vöru. Samtvinnun viðskipta hefur verið gagnrýnd í samkeppnislegu tilliti í fyrsta lagi vegna þess að valkostum neytenda fækkar, þar eð þeir geta ekki keypt þjónustuna eða vöruna sem tvinnuð hefur verið kaupunum þar sem neytendunum sjálfum kann að henta. Í öðru lagi geta keppinautar, sem ekki hafa nokkur tók á að bjóða hin samtengdu viðskipti, útilokast frá markaðnum. Í þriðja lagi viðheldur markaðsráðandi fyrirtæki sem samtvinnar sölu á markaðslega ótengdum vörum eða þjónustu markaðsráðandi stöðu sinni, eða skapar sér markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem tengdur hefur verið meginviðskiptunum, ef keppinautar eiga þess ekki kost að samtvinnna viðskipti á sambærilegan hátt. Skaðleg undirverðlagning (á ensku kallað „*predatory pricing*“) er annað form á samkeppnishindrun markaðsráðandi fyrirtækis. Skaðleg undirverðlagning hefur það verið kallað þegar markaðsráðandi fyrirtæki reynir að losna við keppinauta með því að ákveða verð undir meðal breytilegum kostnaði vöru. Á það ber að leggja ríka áherslu að hegðun fyrirtækja hefur mismikil áhrif á samkeppnina eftir því hversu styrk staða fyrirtækjanna er á markaðnum. Í ýmsum ákvörðunum samkeppnisráðs (sjá m.a. ákvörðun 36/1995 mál Þýzk-Íslenzka gegn Steinullarverksmiðjunni) hefur verið um það getið að tiltekin hegðun lítilla fyrirtækja geti verið skaðlaus eða

jafnvel samkeppnishvetjandi en sama aðgerð eða hegðun markaðsráðandi fyrirtækis reynst skaðleg samkeppninni.

5.

Það er mat samkeppnisráðs, með vísan til þess sem að framan greinir og markaðshlutdeildar Pósts og síma, hvort heldur er í sölu á farsímum eða farsímaþjónustu, og með hliðsjón af fjárhagslegum styrk fyrirtækisins, að fyrirtækið hafi markaðsyferráð á þeim mörkuðum sem hér er um fjallað. Einnig gefur sú staðreynd að Póstur og sími getur veitt heildarþjónustu á fjarskiptamarkaðnum og tengdum mörkuðum, ásamt öflugum dreifikerfi fyrir búnað og þjónustu, ríka vísbendingu um styrk fyrirtækisins. Gildir þá einu hvort markaðurinn er skilgreindur almennt sem sala á farsímum og farsímaþjónustu á Íslandi eða sem sala á farsímum til félaga í FÍB.

Með því að tvinna saman kaup á símtækjum og farsímaþjónustu getur enginn af keppinautum Notendabúnaðardeildar gert FÍB eða öðrum markhópum tilboð sem jafnast á við það sem hér er um ræðir. Með því að binda kaupin á símunum sem boðnir eru í umræddu tilboði notkun á farsímakerfi Pósts og síma í tvö ár er einnig verið að draga úr möguleikum væntanlegs keppinautar í rekstri farsímakerfis til að ná fótfestu á markaðnum. Á þann hátt fer samtvinnun umræddra viðskipta gegn markmiði samkeppnislaga. Fela þau í sér misbeitingu Pósts og síma á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins og brýtur gegn 17. samkeppnislaga, samanber 1. gr. laganna.

Á sama hátt og að framan greinir felur samtvinnun viðskipta í tilboði til félaga í FÍB í sér undirverðlagningu sem innlendir keppinautar í sölu farsíma hafa ekki tók á að svara. Þeim hafa ekki staðið til boða niðurfelling fastra afnotagjalda í tvö ár til viðskiptavina sinna, sem innifalin eru í tilboði Farsímadeildar Pósts og síma. Farsímaseljendum sem keppa við Notendabúnaðardeild Pósts og síma hefur heldur ekki verið boðið af Farsímadeild Pósts og síma að fá niðurgreiddan afborgunarkostnað ef tvinnuð yrði saman sala þeirra á farsímum og farsímaþjónustu Farsímadeildar. Ef keppinautar Pósts og síma í farsímasölu ætluðu sér að jafna tilboð það sem Farsímadeildin gerði FÍB þyrftu þeir með öðrum orðum að kaupa fast afnotagjald í tvö ár af Farsímadeildinni fyrir hvern síma sem þeir seldu og þess vegna í reynd að greiða eigið innkaupsverð hvers síma sem þeir seldu niður um allt að 17,7%. Beint tap þeirra við sölu hvers síma yrði því minnst 3.400 kr. til 8.250 kr. eftir tegundum.

Dæmi um kostnaðarverð og tekjur af tiltekinni tegund GSM- síma í tilboði til FÍB:

Ericsson
GA 628

Kostnaðarverð á GSM farsíma	xx.xxx kr.
Afnotagjöld, föst í 24 mán	15.192 kr.
Afb.kostn. miðað við kostn.v.*)	<u>x.xxx kr.</u>
Samtals kostnaður	xx.xxx kr.
Tekjur	<u>37.080 kr.</u>
Tap	3.387 kr.
Tap sem % af kostnaðarv. síma	xx,x%
*) (xx.xxx*0.131)+1.265+(100*24)	

Augljóst er að seljendur farsíma á Íslandi hefðu ekki bolmagn til slíkra viðskipta til að jafna þau kjör sem Póstur og sími býður. Það er því mat samkeppnisráðs að verðlagning Pósts og síma á samvinnuðum viðskiptum sem felast í tilboði til félaga í FÍB sé skaðleg undirverðlagning í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og til þess fallin að hrekja keppinauta út af markaðnum og hindra aðgang nýrra keppinauta að honum. Samkeppnisráð telur nauðsynlegt að grípa til strangra aðgerða gegn umræddri hegðun Pósts og síma, ekki síst í ljósi þess að fyrirtækið hefur upplýst að hér sé um tilraun að ræða sem reynd verði gagnvart öðrum markhópum reynist hún að mati fyrirtækisins vel.

III.

Ákvörðunarorð:

„Viðskiptakjör og skilmálar Pósts og síma hf. sem gilda gagnvart félagsmönnum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og varða sölu á GSM- og NMT- farsímum, tengingu og föstu afnotagjaldi fyrir farsíma í tvö ár fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu Pósts og síma hf. sem skaðleg áhrif hefur á samkeppni. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Pósts og síma hf.:

- I. Frá birtingu þessarar ákvörðunar er Pósti og síma hf. óheimilt að bjóða það sem felst í tilboðinu til félagsmanna FÍB með þeim skilmálum og kjörum sem kynnt hafa verið.
- II. Ákvæði kaupsamninga með eignarréttarfyrrvara, sem gerðir hafa verið á milli Pósts og síma hf. og þeirra kaupenda sem keypt hafa farsíma samkvæmt greindu tilboði til félagsmanna FÍB, sem kveða á um að kaupandi lofi að nota GSM- síma eingöngu með farsímakorti úr farsímakerfi Pósts og síma hf., eru ógild. Pósti og síma hf. er óheimilt að krefjast þess við sölu á farsímum eftir birtingu þessarar ákvörðunar að kaupandi noti GSM- síma eingöngu með farsímakorti úr farsímakerfi Pósts og síma hf.
- III. Í ljósi markaðslegrar og fjárhagslegrar stöðu Pósts og síma hf. er fyrirtækinu óheimilt að tvinna saman í viðskiptum fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu fyrirtækisins. Gildir þetta einnig eftir að einkaréttur Pósts og síma hf. í fjarskiptaþjónustu fellur niður, svo fremi fyrirtækið hafi virk markaðsyfirrád á þeim mörkuðum sem um er að ræða. Samtvinnun viðskipta með fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu hjá Pósti og síma hf. verður því aðeins heimil að samkeppnisráð hafi fellt úr gildi framangreint bann við slíkri samtvinnun.
- IV. Pósti og síma hf. er, auk þess sem að framan greinir, óheimilt í krafti markaðslegrar og fjárhagslegrar stöðu fyrirtækisins að hafast nokkuð það að sem skaðað getur samkeppnina á markaðnum fyrir fjarskiptaþjónustu og tengdum mörkuðum. Skaðleg hegðun getur falist í :
 - a) að krefjast, beint eða óbeint, ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða annarra ósanngjarna viðskiptaskilmála vegna vöru eða þjónustu sem fyrirtækið kaupir eða selur,
 - b) að takmarka framboð eða sölu til skaða fyrir neytendur,
 - c) að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sambærilegum viðskiptum og rýra þannig samkeppnisstöðu þeirra.
- V. Brjótí Póstur og sími hf. gegn ákvörðunarorðum þessarar ákvörðunar má félagið búast við því að samkeppnisráð beiti heimildum sínum til álagningu stjórnvaldssekta skv. 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“